

# Fundargerð 335. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2011, föstudaginn 4. febrúar kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Guðný Sverrisdóttir og Már Sveinbjörnsson. Í símasambandi voru Ólafur Örn Ólafsson, Skúli Þórðarson og Steinþór Pétursson.

Að auki sat fundinn Magnús Karel Hannesson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 334. fundar - 1001001HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 334. fundar stjórnar frá 10. desember 2010.

*Fundargerðin var staðfest og undirrituð.*

### 2. Ársreikningur 2010 - 0603008HA

Lagður fram ársreikningur hafnasambandsins fyrir árið 2010 áritaður af gjaldkera og reikningshaldara.

*Samþykkt var að vísa ársreikningnum til kynningar hjá aðildarhöfnunum, sbr. ákvæði í 5. mgr. 5. gr. laga hafnasambandsins, og afgreiðslu frestað þar til kynningu er lokið.*

### 3. Frumvarp til laga um umhverfisábyrgð - 1102001HA

Lagt fram bréf umhverfisnefndar Alþingis, dags. 25. janúar 2011, þar sem óskað er umsagnar hafnasambandsins um frumvarp til laga um umhverfisábyrgð (heildarlög, EES-reglur), 299. mál.

*Stjórnin gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.*

### 4. Frumvarp til laga um farþegagjald og gistináttagjald - 1102002HA

Lagt fram bréf efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 3. febrúar 2011, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um farþegagjald og gistináttagjald, 359. mál.

*Stjórn Hafnasambands Íslands mótmælir harðlega öllum áformum um upptöku nýs skatts á ferðamenn á Íslandi í formi farþegagjalds, sem leiða mun til aukinnar gjaldtöku af farþegum og útgerðum skemmtiferðaskipa sem leggja leið sína til Íslands.*

*Stjórn hafnasambandsins ræður Alþingi eindregið frá því að samþykkja frumvarp til laga um farþegagjald og gistináttagjald. Auknar álögur á farþega skemmtiferðaskipa mun skaða þá markaðssetningu, sem hafnir og*

*ferðapjónustuaðilar hafa staðið fyrir á liðnum árum varðandi skemmtiferðaskipin, og fækka verulega komum þessara skipa til landsins. Það mun hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar til hins verra fyrir fjárhag þeirra hafna, sem skemmtiferðaskipin hafa átt viðskipti við eða stefna að viðskiptum við.*

#### **5. Endurskoðun hafnalaga - 1011004HA**

Formaður, Gísli Gíslason, gerði grein fyrir störfum nefndar sem vinnur að endurskoðun hafnalaga og hann situr í ásamt Eyrúnu Ingibjörgu Sigþórsdóttur.

*Samþykkt var að boða til sameiginlegs fundar fulltrúa hafnasambandsins í endurskoðunarnefndinni og fulltrúa í nefnd hafnasambandsins um fjármál hafna.*

#### **6. Vigtun sjávarafla - 0901002HA**

Már Sveinbjörnsson greindi frá stöðu mála í samskiptum fulltrúa hafnasambandsins við sjávar- og landsbúnaðarráðuneytið um vigtun sjávarafla og verkefni hafnanna í þeim efnum.

*Stjórn hafnasambandsins leggur áherslu á að leitað verði leiða til þess að gera kerfið og aðkomu hafnanna að vigtun sjávarafla einfaldari og að hafnirnar fái fullt endurgjald fyrir þá vinnu sem þar er innt af hendi við verkefnið.*

#### **7. Störf nefnda HÍ - 1011001HA**

Lögð fram fundargerð 1. fundar nefndar um fjárhagsstöðu hafna, sem Ólafur Örn Ólafsson gerði nánari grein fyrir.

Rætt var um ýmsar hugmyndir sem nefndin setur fram í fundargerðinni.

*Samþykkt var að boða á næsta stjórnarfund, sem haldinn verður 11. mars nk., alla varamenn í stjórn, fulltrúa í endurskoðunarnefnd hafnalaga, nefnd um fjárhag hafna og undirnefnd um hafnalög til þess að ræða fjárhag hafna, endurskoðun hafnalaga og ýmsa þætti í stefnumótun hafnasambandsins.*

Fundi var slitið kl. 12:15.

---

Gísli Gíslason

---

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Már Sveinbjörnsson

---

Ólafur Örn Ólafsson

---

Skúli Þórðarson

---

Steinþór Pétursson

---

ritari